

## Sveitarstjórnarfundur 21. maí 2023

Sunnudaginn 21. maí 2023 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 12. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. liður 34

### Dagskrá 12. fundar:

1. Ársreikningur 2022 – Fyrri umræða
2. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Fyrri umræða
3. Fundargerð 11. sveitarstjórnarfundar 8.3.2023
4. Fundargerðir nefnda
5. Aðrir fundir
6. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2022
7. Hafnarreglugerð Drangneshafnar
8. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins
9. Erindi byggingarfulltrúa hreppsins
10. Framkvæmdir við iðnaðar- og þróunarsvæði á Drangnesi
11. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi
12. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi
13. Velferðarþjónusta Vestfirðinga
14. Viðauki við samning um umdæmisráð Landsbyggða
15. Umsagnarbeiðni Svanshóls á Ströndum
16. Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2023
17. Eldvarnaskoðanir í Kaldrananeshreppi
18. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
19. Minnisblað frá Strandabyggð vegna innleiðingar laga um sorphirðu
20. Skiltið við Kerlinguna á Drangnesi
21. Styrktarbeiðni Samkomuhússins Baldurs
22. Beiðni Strandabyggðar
23. Erindi til sveitarstjórnar varðandi lóðir í Kaldrananeshreppi
24. Fundarboð aðalfundar BsVest og ársreikningur 2022
25. Erindi Lögreglustjórans á Vestfjörðum
26. Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2023 - 2024
27. Styrktarbeiðni frá nemendum LHÍ fyrir stuttmyndagerð á Hólmavík

28. Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
29. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
30. Bréf frá VÍN, vinum íslenskra náttúru
31. Beiðni Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
32. Beiðni Víkingsins 2023
33. Beiðni Ferðafélagans 2023
34. Þjónustusamningur á milli eigenda Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna

### **Fundargerð:**

#### **1. Ársreikningur 2022 – Fyrri umræða**

Ársreikningur Kaldrananeshrepps vegna ársins 2022 lagður fram.

Ársreikningurinn vísað til seinni umræðu.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **2. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Fyrri umræða**

Uppfærð samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps tekin til yfirferðar þar sem tekið hefur verið tillit til lagabreytinga og nýrrar fyrirmyndar frá ráðuneytinu.

Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps vísað til seinni umræðu.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **3. Fundargerð 11. sveitarstjórnarfundar 8.3.2023.**

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### **4. Fundargerðir nefnda**

- a. Fundur sveitarstjórnar og fræðslunefndar, 25.04.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### **5. Aðrir fundir**

- a. Fundargerð 143. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 03.05.2023

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 920. fundur stjórnar, 17.03.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 921. fundur stjórnar, 30.03.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 922. fundur stjórnar, 31.03.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 923. fundur stjórnar, 05.04.2023.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 924. fundur stjórnar, 17.04.2023.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga, 925. fundur stjórnar, 28.04.2023.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- h. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 12.05.2023.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

## **6. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2022**

KPMG sendi sveitarfélaginu glærur vegna niðurstaða varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins og vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2022.

Glærur lagðar fram til kynningar og rædd viðbrögð við athugasemdum. Oddviti falið að undirbúa lausnir. Borið upp og samþykkt samhljóða.

## **7. Hafnarreglugerð Drangsneshafnar**

Sveitarstjórn tekur uppfærða hafnarreglugerð Drangsneshafnar við Steingrímsfjörð til yfirferðar. Reglugerðin var komin til ára sinna og ákvæði hennar því endurskoðuð.

Ný hafnarreglugerð lögð fram til kynningar. Þjónustufulltrúa falið að auglýsa uppfærða hafnarreglugerð í B-deild Stjórnartíðinda. Borið upp og samþykkt samhljóða.

## **8. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins**

Auglýst var eftir verkstjóra til að vera með unglingavinnuna sumarið 2023 þann 4. apríl síðastliðinn á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlinum Facebook.

Helstu verkefni eru skilgreind sem :

- Ber daglega ábyrgð og yfirumsjón á skipulagningu og starfsemi vinnuskólans.
- Vinnur markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan starfsfólks
- Vinnur markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan starfsfólks.
- Hefur frumkvæði að lausn verkefna á því sviði sem undir hann heyra og hann starfar að.
- Staðfestir vinnutíma starfsmanna og skilar til launafulltrúa.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

Alls bárust tvær umsóknir vegna umrædds starfs.

Umsóknir lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn felur oddvita að ganga frá ráðningu í samræmi við vilja sveitarstjórnar.

Borið upp og samþykkt.

## **9. Erindi byggingarfulltrúa hreppsins**

Byggingarfulltrúi Kaldrananeshrepps sendi hreppnum erindi varðandi tilboð í OneLand kerfi – Byggingarfulltrúakerfi sem byggir á Microsoft stýrikerfum og vef-viðmóti.

One-Land er sérstaklega gert fyrir byggingarfulltrúa sem auðveldar byggingarfulltrúaembættum hjá sveitarfélögum að halda utan um þau mál sem eru í gangi á hverjum tíma ásamt því að halda fullu öryggi á einstökum skjölum.

Erindi lagt fram til kynningar.

Oddvita falið að kanna kerfið betur í samræmi við önnur sveitarfélög.

Borið upp og samþykkt.

#### **10. Framkvæmdir við iðnaðar- og þróunarsvæði á Drangnesi**

Fyrir liggur samningur um framkvæmdir við iðnaðar- og þróunarsvæði á Drangnesi á milli Fjórðungssambands Vestfirðinga og Kaldrananeshrepps.

Meginmarkmið með samningnum er að styðja við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun og einhæft atvinnulíf, færa heimamönnum aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun.

Samningur lagður fram til kynningar.

Oddvita falið að undirrita samninginn f.h. Kaldrananeshrepps.

Borið upp og samþykkt.

#### **11. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi**

Hreppnum barst tvær umsóknir þar sem óskað var eftir því að fá leigðar lóðir í Bjarnarfirði. Annars vegar í landi Skarðs og hins vegar á Klúku, lóð nr. 4.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðir í landi Skarðs þar sem gamli bærinn stóð.

Oddvita og þjónustufulltrúa falið að útfæra stærð og staðsetningu í Skarðs.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóð nr. 4 á Klúku.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

#### **12. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi**

Hreppnum barst þrjár umsóknir þar sem óskað var eftir leiguíbúðum á Drangnesi.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknirnar og mun leita lausna.

Borið upp og samþykkt.

#### **13. Velferðarþjónusta Vestfirðinga**

Strandabyggð óskar eftir því að verða aðili að Velferðarþjónustu Vestfirðinga en lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 tóku í gildi í lok maí 2022 og hófu sveitarfélög á Vestfjörðum samstarf í byrjun þessa árs þar sem Ísafjarðarbær tók að sér að vera leiðandi sveitarfélag.

Helstu breytingar þess eru að umdæmi barnaverndarþjónustu skal vera í það minnst 6.000 íbúar og hafa yfir að skipa sérhæfðu starfsfólki í það minnsta tveim stöðugildum. Að auki þarf að hafa aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppeldismenntun.

Beiðni Strandabyggðar lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps tekur jákvætt í erindið.

Þjónustufulltrúa falið að upplýsa aðildarsveitarfélögum ákvörðun sveitarstjórnar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **14. Viðauki við samning um umdæmisráð Landsbyggða**

Árneshreppur hefur verið skipaður í umdæmisráð Landsbyggða með ákvörðun mennta- og barnamálaráðuneytisins 14. apríl 2023. Aðildar sveitarfélög eru beðin um að birta viðauka ásamt samningnum um umdæmisráð Landsbyggða á heimasíðum sínum.

Viðauki lagður fram til kynningar.

Þjónustufulltrúa falið að birta viðauka ásamt samningnum á heimasíðu hreppsins.

Borið upp og samþykkt.

#### **15. Umsagnarbeiðni Svanshóls á Ströndum**

Svanshóll Ströndum ehf. óskar eftir umsögn sveitarstjórnar um leyfi til reksturs gististaðar í flokk II-G íbúðir -G íbúðir með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016.

Finnur vísar af fundi vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir og veitir jákvæða umsögn.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Finnur kemur aftur inn.

#### **16. Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps 2023**

Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps lögð fram til kynningar. Í áætluninni er til dæmis gert grein fyrir mannfjöldaspá, íbúðarþörf og íbúðum í byggingu.

Lykiltölur greina frá því að mannfjöldaspá eftir fimm ár muni aukast um tvo íbúa og fimm íbúa eftir tíu ár. Einnig er greint frá því að íbúðarþörf eftir fimm ár muni aukast um tvær íbúðir og þrjár íbúðir eftir tíu ár.

Húsnæðisáætlun borin upp og samþykkt.

#### **17. Eldvarnaskoðanir í Kaldrananeshreppi**

Eldstoð ehf. framkvæmdi eldvarnaskoðun í Grunnskóla Drangsness 4. apríl sl. þar sem greint var frá því að setja þarf björgunarop í glugga frá efri hæð skólans.

Einnig var framkvæmt eldvarnarskoðun í Fiskvinnslunni Drangi, Hótel Malarhorni, Svanshóli og Laugarhóli. Í Drangi var greint frá því að það er íkveikjuhætta með alls kyns röralögnum sem þyrfti að þétta og ganga frá. Einnig er verulegt magn af fiskikörum raðað upp við vegg á útisvæði sem gæti skapað sambrunahættu við húsið.

Eldvarnarskoðanir lagðar fram til kynningar.  
Slökkviliðsstjóra falið að bregðast við athugasemdum.  
Borið upp og samþykkt.

### **18. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða**

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla vatnsveitunnar á Drangnesi greinir frá því að sýni var tekið úr krana nr. 3 í Fiskvinnslunni Drangi þann 27. mars sl. Sýnið stenst kröfur neysluvatnsreglugerðar 536/2001.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

### **19. Minnisblað frá Strandabyggð vegna innleiðingar laga um sorphirðu**

Strandabyggð sendir sveitarstjórn Kaldrananeshrepps minnisblað vegna innleiðingar laga um sorphirðu. Greint er frá því að á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar og starfsmanna sveitarfélagsins með Stefáni Gíslasyni ráðgjafa þar sem komu fram áhugaverðar lausnir varðandi sorphirðu.

Á fundinum var rætt um svokallaðar „botnlangastöðvar“. Þar er um að ræða stöð með fjórum stórum tunnum/körum, 4x800 lítra tunnur, sem íbúar í nokkrum húsum gætu sameinast um. Með þessu móti þyrfti ekki að staðsetja fjórar tunnur við hvert hús.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í svokallaðar „botnlangastöðvar“ og hvetur stjórn Sorpsamlagsins til að skoða þetta gaumgæfilega, m.t.t. þjónustustigs, hagræðingar í starfi og kostnaðar.

Borið upp og samþykkt.

### **20. Skiltið við Kerlinguna á Drangnesi**

Erindi barst til sveitarstjórnar varðandi skiltið við Kerlinguna á Drangnesi þar sem óskað var eftir því að sagnarekinn yrði lagaður fyrir komandi sumar.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að kosta prentun á nýjum skiltum fyrir sagnareka í hreppnum. Þjónustufulltrúa falið að annast verkið.

Borið upp og samþykkt.

## **21. Styrktarbeiðni Samkomuhússins Baldurs**

Samkomuhúsið Baldur óskar eftir styrk sveitarfélagsins sem nemur fasteignagjöldum síðasta árs sem nemur 377.351 kr.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða við þeirri beiðni.

Borið upp og samþykkt.

Þjónustufulltrúa falið að útbúa staðfestingarbréf.

## **22. Beiðni Strandabyggðar**

Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps á breytingu á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010 - 2022 og nýju deiliskipulagi. Orkubú Vestfjarða ohf. áformar að reisa nýja virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal og á Ófeigsfjarðarheiði norðan við Þjóðbrókargil í Strandabyggð.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn veitir enga umsögn.

Borið upp og samþykkt.

## **23. Erindi til sveitarstjórnar varðandi lóðir í Kaldrananeshreppi**

Lagt er fram erindi til sveitarstjórnar annar vegar varðandi Mýrar og hins vegar uppbyggingu á lóðum á Vitavegi á Drangnesi.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur vel í þá ósk að verða að beiðni varðandi jarðarinnar Mýrar samkvæmt erfðafestusamningi.

Oddvita falið að annast samræður samkvæmt vilja sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn tekur vel í að funda sem fyrst varðandi möguleg áform á Vitavegi.

Borið upp og samþykkt.

## **24. Fundarboð aðalfundar BsVest og ársreikningur 2022**

Fyrir liggur ársreikningur 2022 og fundarboð á aðalfund Byggðasamlags Vestfirðinga um málefni fatlaðs fólks sem haldinn verður miðvikudaginn 31. maí nk. klukkan 15.00 í fjarfundi.

Fundarboð og ársreikningur lögð fram.

Hildur Aradóttir mun mæta á aðalfund BsVest fyrir hönd Kaldrananeshrepps.

Borið upp og samþykkt.

## **25. Erindi Lögreglustjórans á Vestfjörðum**

Óskað er eftir þátttöku Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Árneshrepps í verkefni Lögreglustjórans á Vestfjörðum varðandi mál er varða

heimilisofbeldi í kjölfar verklagsbreytinga um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála.

Óskað er eftir að gengið verði frá samstarfsyfirlýsingu þar um til eins árs. Að þeim tíma liðnum verði árangur verði árangur metinn og samstarfið endurskoðað ef þörf er á eða framlengt óbreytt.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn staðfestir þátttöku fyrir sitt leyti og felur oddvita að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

## **26. Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2023 - 2024**

Kaldrananeshreppur sótti um sérreglur við reglugerð um byggðakvóta sem gilda fyrir úthlutun byggðakvóta til útgerða í hreppnum. Á sveitarstjórnarfundum sem haldinn var 14. desember sl. var bókaður vilji að sama fyrirkomulagið yrði í gildi eins og hefur verið undanfarin ár.

Lagt er fram svar Matvælaráðuneytisins sem hefur fallist á tillögur sveitarstjórnar og var það auglýst í Stjórnartíðindum 22. mars sl. Ráðuneytið mun í framhaldinu beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta Drangness til umsóknar án tafar.

Svar Matvælaráðuneytisins lagt fram til kynningar.

## **27. Styrktarbeiðni frá nemendum LHÍ fyrir stuttmyndagerð á Hólmavík**

Hreppnum barst fyrirspurn frá nemendum sem stunda nám við Listaháskóla Íslands en þeir samframleiða tvær víkinga stuttmyndir. Framleiðslan mun fara fram í Kotbýli Kuklarans í Bjarnarfirði í lok maí á þessu ári og verður sýnd í Bíó Paradís.

Kannaður er áhugi sveitarfélagsins fyrir því að styrkja verkefni þeirra með birtingu á merki hreppsins í lok myndarinnar að upphæð 25.000kr.-

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja ekki beiðnina.

Borið upp og samþykkt.

## **28. Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun**

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun framkvæmdi úttekt á Slökkviliði Kaldrananeshrepps þann 7. september 2021. Markmiðið var að staðreyna hvort framkvæmd starfs slökkviliðsins væri í samræmi við lög um brunavarnir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og koma á framfæri leiðbeiningum til sveitarstjórnarinnar um það sem betur mætti fara eftir því sem við á.

Bréf lagt fram til kynningar.

Slökkviliðsstjóra falið að greina núverandi stöðu, koma með tillögur að úrbótum og

beri undir sveitarstjórn.  
Borið upp og samþykkt.

### **29. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**

Hjálagt er bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum landsins en á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna í júlí nk. mun forsætisráðherra kynna skýrslu um stöðu innleiðingar heimsmarkmiðanna á Íslandi.

Sambandinu hefur, f.h. íslenskra sveitarfélaga, verið boðið að taka þátt í skýrslugerðinni. Mikilvægur þáttur í skýrslu um innleiðingu heimsmarkmiðanna í íslenskum sveitarfélögum verða svör þeirra á samnorrænni könnun um heimsmarkmiða- og sjálfbærnivinnu sveitarfélaga.

Óskar því Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því að Kaldrananeshreppur svari könnun í tilefni af skýrslugerð Íslands til Sameinuðu þjóðanna.

Bréf lagt fram til kynningar.  
Oddvita falið að svara könnuninni f.h. hreppsins.  
Borið upp og samþykkt.

### **30. Bréf frá VÍN, vinum íslenskra náttúru**

Lagt er fram bréf frá VÍN, vinum íslenskra náttúru sem vilja miðla mikilvægi þess að skógrækt hefur margháttuð áhrif á umhverfið. Talið er að skógur þeki nú um 2% af flatarmáli Íslands sem þykir það ekki mikið og margir telja mikla nauðsyn á að gera þar bragarbót.

Bréf frá VÍN lagt fram til kynningar.

### **31. Beiðni Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Hreppnum barst beiðni frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna en þau gefa út blaðið “Á vakt fyrir Íslands,, sem fjallar um málefni slökkviliða og störf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Hægt er að kaupa margskonar auglýsingar sem sýndar verða í blaðinu sem og kveðju til sambandsins.

Beiðni lögð fyrir.  
Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.  
Borið upp og samþykkt.

### **32. Beiðni Víkingisins 2023**

Víkingurinn 2023 vill kanna áhuga Kaldrananeshrepps á að taka þátt í verkefni þeirra sem áður hét „Vestfjarðavíkingurinn”. Áætlunin er að heimsækja fjögur sveitarfélög sumarið 2023 og vera með tvær keppnisgreinar í hverju sveitarfélagi.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.  
Borið upp og samþykkt.

### **33. Beiðni Ferðafélagsins 2023**

Lögð er fram beiðni frá Ferðafélaginu 2023 en Ferðafélaginn er upplýsinga og leiðbeiningarit fyrir ferðamenn á vegum úti sem Íþróttasamband Lögreglumanna og Íslenska lögregluforlagið gefa út síðan 1984.

Kannaður er áhugi sveitarfélagsins til þess að kaupa auglýsingu í blaðinu en hægt er að kaupa margs konar auglýsingar.

Beiðni lögð fyrir.  
Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.  
Borið upp og samþykkt.

### **34. Þjónustusamningur á milli eigenda Byggðasafns Húsvetninga og Strandamanna**

Fyrir liggur fundargerð eigendafundar sem haldinn var þann 18. apríl sl. og þjónustusamningur á milli eigenda Byggðasafns Húsvetninga og Strandamanna sem samþykktur var með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

Þjónustusamningur lagður fram til kynningar.  
Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi samning.  
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.  
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið klukkan 23:00